



## Minnisblað starfsmanna

*Gjaldskrár á velferðarsviði 2025*

Móttakandi: Velferðarnefnd  
Dags.: 13.01.2025  
Málefni: Gjaldskrár 2025  
Málsnr.: 202412061  
Höfundur: Skúli Ingibergur Þórarinnsson

### Inngangur

Árlega er gjaldskrár sveitarfélagsins uppfærðar samhliða fjárhagsáætlunargerð. Á velferðarsviði þarf að yfirfara gjaldskrár félagslegrar heimaþjónustu sem nær yfir eftirfarandi þætti samkvæmt reglum um félagslega heimaþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði

- Aðstoð við athafnir daglegs lífs
- Aðstoð við heimilishald
- Félagslegan stuðning
- Aðstoð við umönnun barna og ungmenna
- Heimsendingu matar

Þá er lögð fyrir ný gjaldskrá akstursþjónustu aldraða og fatlaðs fólks en þjónustan hefst formlega 10. Janúar 2025.

Einnig er lögð fram gjaldskrá vegna greiðslna til stuðningsfjölskyldna.

### Matarþjónusta

Matarþjónusta er hluti af starfsenu stuðnings- og virkniþjónustu og fer fram á tveimur stöður, dagdvöl aldraðra í Ekru og dagdvöl fatlaðs fólks í Miðgarði, auk þess sem matarbökkum er ekið heim til þeirra sem óska eftir því. Eitt verð er fyrir alla þessa þjónustu, eða 1.414 kr. árið 2024 og fylgir það verð innkaupaverði frá byrgja og hækkar því upp í 1484 kr. 2025. Þá er verð í dagdvöl aldraðra 2024 1.579 kr. skv. reglugerð nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra. Sú reglugerð á að vera uppfærð í janúar ár hvert en það hefur ekki enn verið gert. Helst verð því óbreitt um sinn þar til reglugerð hefur verið uppfærð. Það verð er það eina sem er bundið reglugerð frá ríkinu.

### Kaffi og kökur í Ekrinni

Einu sinni í viku gefst öllum íbúum sveitarfélagsins kostur á að mæta í Ekruna og kaupa sér kaffi og/eða köku. Veitingarnar eru keyptar af Vigdísarholti sem rukkar 10.713 kr. fyrir. Verðskrá síðasta árs gerði ráð fyrir að kaffibolli kostaði 200 kr. og kakan 500 kr. Ljóst er að þjónustan var rekin með 119.470 kr. halla á síðasta ári. Til að mæta því, ásamt hækkun á innkaupaverði er lagt til að hækka verð á kaffibolla upp í 350 kr. og fyrir köku í 650 kr. Er það fyrsta hækkun á þjónustunni í 3 ár.

### Félagsleg heimaþjónusta

Fyrir alla félagslega heimaþjónustu er greitt eitt verð sem var 2245 kr. árið 2024. Þá fellur greiðsluskylda niður ef viðkomandi er með eða undir grunnfjárhæð viðmiðunarupphæð lífeyrisgreiðslna almannatrygginga, og 50% afsláttur er veittur til þeirra sem hafa tekjur allt að 25% umfram grunnfjárhæð viðmiðunarupphæðar lífeyrisgreiðslna almannatrygginga. Gjaldskrána skal endurskoða ár hvert í janúar út frá viðmiðum almannatrygginga.

Lagt er til að hækka verð hóflega og horfa til 2,5% hækkunar á verðskrá, fullt verð fyrir félagslega heimaþjónustu yrði þá 2300 kr.



### Akstursþjónusta aldraðra og fatlaðs fólks

Nýjar reglur taka gildi og þjónustan hefst formlega 10.01.2025. Samhliða því er lögð til ný gjaldskrá vegna þjónustunnar. Gjaldskráin tekur mið að gjaldskrá strætó BS í sveitarfélaginu líkt og mælst er til um í leiðbeiningum um akstursþjónustu frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Gjaldskráin mun svo vera hækkuð í samræmi við hækkanir strætó eða annarra þjónustuaðila sem sjá um almenningssamgöngur á svæðinu árlega.

Innheimta er í þremur flokkum, ekki er rukkað gjald fyrir akstur í félagsstarf aldraðra eða dagþjónustu í Ekru eða í dagþjónustu fatlaðs fólks í Miðgarði. Rukkað er hálf gjald fyrir akstur í nauðsynlega þjónustu svo sem á heilsugæslu, í banka, matvöruverslun, í tannlækningar eða hárgreiðslu innan þjónustusvæðis. Þá er rukkað fullt gjald fyrir annan akstur og nýtur hann jafnframt ekki forgangs á fyrri tvo flokkana.

Svæðisskipting er sem hér segir

Svæðisskipting		
1	0-2 km.	Höfn - Innanbæjar
2	2-20 km.	Hafnarnes - Hoffell
3	21-40 km.	Viðborðssel - Flatey
4	41-60 km.	Skálafell - Kálfafell
5	61-80 km.	Hali - Jökulsárlón
6	81-100 km.	Ekkert lögbýli
7	101-120 km.	Hnappavellir - Hof
8	121-140 km.	Sandfell - Skaftafell

Og gjaldskrá eftirfarandi:

Gjaldskrá akstursþjónustu				
Svæði	Skilgreining	Miðgarður / Ekran	Önnur nauðsynleg þjónusta	Annar Akstur
1	Höfn -Innanbæjar	- kr.	150 kr.	300 kr.
2	2-20 km	- kr.	300 kr.	600 kr.
3	21-40 km	- kr.	450 kr.	900 kr.
4	41-60 km	- kr.	600 kr.	1.200 kr.
5	61-80 km	- kr.	750 kr.	1.500 kr.
6	81-100 km	- kr.	950 kr.	1.900 kr.
7	101-120 km	- kr.	1.100 kr.	2.200 kr.
8	121-140 km	- kr.	1.250 kr.	2.500 kr.

### Greiðslur til stuðningsforeldra

Greiðslur til stuðningsforeldra hækka skv. launavísitölu árlega og eru eftirfarandi fyrir árið 2025:

- fl.: Greiddar eru kr. 50.465,- fyrir hvern sólarhring.
- 2. fl.: Greiddar eru kr. 39.052,- fyrir hvern sólarhring.



- 3. fl.: Greiddar eru kr. 33.072,- fyrir hvern sólarhring.

Greiðslur til stuðningsforeldra eru skattskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra.